

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Naustahverfis, 2. áfanga, Kjarnagata 12–26 og Brekatún 5–11 og 13–19.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 17. júlí 2007 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á ofangreindu deiliskipulagi.

Breytingin felur í sér að 1. hæð Kjarnagötu 16 verður skilgreind fyrir íbúðarbyggð í stað verzlunar- og þjónustuhúsnæðis og fjölgar um 12 íbúðir í húsum 12, 14 og 16. Horngeiri milli húsa nr. 16 og 14 verður hluti af lóð Kjarnagötu 12–26 og stækkar lóðin því um 700 m². Þetta svæði er í nágildandi deiliskipulagi skilgreint sem opið torg og hafa bílastæði fyrir hús nr. 16 verið utan lóðar við Ljómatún. Bílastæði á horngeira verða eftir breytingu ætluð fyrir íbúðir hússins. Þar verða 12 bílastæði og fækkar þá bílastæðum við Ljómatún úr 20 í 10 og færast lóðamörk Kjarnagötu 12–26 til suðurs um 4 metra til að halda viðeigandi fjarlægð milli göngustígs og íbúða á 1. hæð. Við Brekatún 5–11 og 13–19 fækkar bílgeymslum og verða við helming íbúða í stað allra. Önnur ákvæði um F-raðhús breytast ekki.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi verksmiðjusvæðis Gleráreyra, Gleráreyrar 4.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 17. júlí 2007 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á ofangreindu deiliskipulagi.

Breytingin felur í sér að lóðin stækkar um 567 m² til vesturs og suðurs, byggingarreitur á lóð stækkar um 176,7 m², nýtingarhlutfall á lóð fer úr 0,6 í 0,45 og fjöldi bílastæða verður 17 í stað 16.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi þjónustustöðvar við gatnamót Borgar- og Hlíðarbrautar.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 17. júlí 2007 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á ofangreindu deiliskipulagi.

Breytingin felur í sér að nýtingarhlutfall fer úr 0,12 í 0,16 og að byggingarreitur stækkar. Byggingarreitur fyrir skyggni er felldur út, akstursleiðir innan lóðar breytast og kvöð um gróður austan við stækkaðan byggingarreit fellur út.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 23. ágúst 2007,

Pétur Bolli Jóhannesson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 5. september 2007